

Ed.

136. Frumvarp til laga

[89. mál]

um Flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menntu í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

- a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
- b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

- c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
- d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana, áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiddast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta vetri, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Í apríl 1972 var með bréfi forsætisráðuneytisins skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni“. Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði álit 28. október 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana, sem hér er flutt frumvarp um. Þrátt fyrir itrekaðar fyrirspurnir hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni, en það var og er skoðun þeirra tveggja nefndarmanna, er frumvarp þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ekki þarf að tiunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn

tíma í þeim löndum, sem vitnað er til hér að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það lilla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum ráðuneyta, svo sem í raðherraði Lúðvíks Jósefssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsgöðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra álita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því að hið ítarlega og um margt vel rökstudda nefndarálit kom fram, en nú er komið á fjórða ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er lítið: flutnings, deildaskiptinga eða útibúastofnana.

Það ætti þó að vera öllum ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi, sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgarsvæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt, sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nefndaráliti sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Þeir eru enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda, og því flytja þeir frumvarp þetta.

Frumvarpið er í öllum greinum eins og það var sett fram í áliti nefndarinnar 1975 og frumvarpsgreinarnar það ljósar, að þær skýra sig algerlega sjálfar.

Að lokum vilja flm. vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu, en þar segir orðrétt í nefndarálitinu:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem tillögur nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað sjö mönnum kosnum hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frumvörp að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings.“